

## **Formáli eftir forsætisráðherra**

Í bókinni: „Land sem andlind“ (1993)

VIÐ ÍSLENDINGAR höfum frá fyrstu tíð verið háðir landsins gæðum hvað afkomu okkar varðar. Því höfum við þurft að lifa í sátt og samlyndi við náttúruna og líf okkar hefur nokkuð mótast af því sem hún hefur fært okkur. Svo er enn í dag. Fiskveiðar eru að sjálfsgöðu okkar höfuðatvinnuvegur en við nýtum jafnframt önnur gæði landsins svo sem við landbúnað. Þá má segja að ferðamannaíðnaður sé nýjasta atvinnugreinin sem byggir á náttúru landsins.

Eins og gefur að skilja hafa náttúrugæði og nýting þeirra haft mikil áhrif á mótun byggðamynsturs á Íslandi. Í þessari athyglisverðu bók skoðar Trausti Valsson skipulagsfræðingur, hvernig mismunandi atvinnuhættir hafa ráðið miklu um byggðapróun á Íslandi. Það er sérstaklega athyglisvert að skoða byggðahreyfingar í sögulegu samhengi og setur Trausti fram kenningar sem geta skýrt í stórum dráttum þær hreyfingar sem orðið hafa á byggð og búsetu manna frá upphafi byggðar á Íslandi. Í framhaldi af því lýsir hann hugmyndum sínum um næstu skref í byggðapróuninni og til hvaða aðgerða hann vill grípa til að stýra þeirri þróun. Í þessari bók er sérstaklega horft til Suður- og Vesturlands, en með einföldum hætti má draga samskonar lærdóm fyrir aðra landshluta.

Þó að hugmyndir Trausta séu að sjálfsgöðu umdeilanlegar er nauðsynlegt að skoða byggðamál og byggðapróun okkar Íslendinga í nýju ljósi og með nýjum aðferðum. Övenjulegar og ferskar hugmyndir verða oft kveikjan að frjórri umræðu. Oft var þörf en nú er nauðsyn að við Íslendingar tökum upp öfluga og markvissa umræðu um þessi mál og tökum á okkar byggðamálum með skynsamlegri hætti en gert hefur verið undanfarna áratugi.

Davíð Oddsson forsætisráðherra

# Byggð í mótun Bækur Björn Bjarnason Land sem auðlind. Höfundur: Trausti Valsson.

Útgefandi: Fjölvaútgáfa. 108 bls, ljósmyndir og kort.

Á þeim miklu breytingatímum sem nú eru í Evrópu horfa menn gjarnan aftur í aldir til að geta sér til um, hvað framtíðin ber í skauti sér. Sagan auðveldar okkur úrlausn margs vanda og þeir, sem vilja ekki læra af sögunni, fara oft erfiða og sársaukafulla leið að augljósu markmiði. Þetta kemur í hugann við lestur nýjustu bókar Trausta Valssonar, arkitekts og skipulagsfræðings. Í bókinni bendir Trausti á þær leiðir, sem hann telur skynsamlegast að fara í byggðamálum á Suðvesturlandi. Ritið var samið í tengslum við ráðstefnu landshlutasamtaka á Suðvesturlandi, sem haldin var á Þingvöllum 11. september sl., en Davíð Oddsson forsætisráðherra skrifar formála.

Í bókinni er það meginkenning Trausta, að byggð muni á næstu árum þróast á annan veg en á þeim tíma, þegar einkum var við það miðað að gera sem hagkvæmast að nýta auðlind sjávar. Hann bendir á, að alvarlegustu mistök í íslenskri byggðapólitík hafi líklega verið, hve seint var ráðist í að gera stóraták í vegagerð. Skortur á vegum hafi leitt til þess að gerðar hafi verið alltof margar hafnir; þannig séu landshafnir 55 en 10 til 15 hefðu dugað. Sameining byggðarlaga um höfn hefði stuðlað að myndun stærri og öflugri byggðakjarna. Raunar telur Trausti, að einnig hafi verið um offjárfestingu í flugvöllum að ræða, það komi best í ljós, þegar áætlunarflug hverfi úr sögunni við betri vegagerð.

Trausti segir: Í umfjöllun um hvernig samgöngukerfi henti Íslandi best, er það misskilningur í einu grundvallaratriði, sem þjagar alla sýn til þessara mála: Almanningur og stjórnámamenn skilja ekki hvað Ísland er lítið land; þ.e. aðeins 250 x 300 km, ef lína er dregin um kjarna landsins, það er u.þ.b. við fjarðarbotna." Telur hann tvennt ráða mestu um þessa skynvillu. Í fyrsta lagi sýnist landið stærra á heimskorti en það er, vegna þess að svæði nálægt hvelunum séu sýnd alltof stór. Í öðru lagi miði menn við hina háu kílómetratölu á vegaskiltum, sem segi til dæmis að það séu 109 km milli Reykjavíkur og Akraness, þegar vegalengdin sé í raun 19 km.

Trausti Valsson hefur lagt til að vegir verði lagðir um miðhálandið norður og austur á land. Hér í þessari bók lítur hann á svæðið frá Borgarfirði austur undir Eyjafjöll og norður að Langjökli og veltir fyrir sér, hvaða kröfur verði gerðar til skipulags og landsamgangna á svæðinu með hliðsjón af þeirri kenningu, að byggðin muni á næstu árum færast frá sjávarsíðunni inn til landsins. Rökin fyrir þessari kenningu eru ítarlega rakin í bókinni og byggjast þau á sögulegu og efnahagslegu mati. Við sjáum dæmi um réttmæti hennar með mikilli fjölgun sumarbústaða á Suðvesturlandi.

Þegar lagareglur eru samdar er verið að smíða tæki til að leysa úr vanda í sambúð manna. Löggin verða langlíf ef framsýni ræður efni þeirra og þau stuðla að stöðugleika samhliða þróun. Hið sama á við um mótun skipulagsreglna, þær þurfa í senn að taka mið af fortíð, samtíð og framtíð, ef þær eiga að skapa hæfilegt jafnvægi á milli umsvifa mannsins og þess, sem hann vill friða. Í bók sinni Land sem auðlind kynnir Trausti Valsson hugmyndir, sem leggja verður til grundvallar við mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi.

Höfundur skýrir texta sinn með fjölmörgum kortum. Raunar er textinn oft ekki annað en skýring á þeim kortum, sem birt eru lesandanum til glöggvunar. Af hálfu útgefanda hefði mátt leggja meira í gerð kortanna og einnig hefði það gert bókina auðveldari fyrir hin almenna lesanda, ef dregið hefði verið úr stofnanamáli á textanum. Trausti dregur niðurstöður sínar einnig af þeim kortum, sem hann vinnur, og með aðstoð þeirra getur lesandinn rakið sig áfram. Fyrir aftan meginmálið er þróun byggðamynsturs á Íslandi allt frá landnámi sett upp í töflu og þar er í sjónhendingu unnt að kynnast grundvallarviðhorfum höfundar.

Undir lok bókarinnar kemst höfundur að þeirri meginniðurstöðu, að Þingvellir munu að nýju öðlast fyrir sess sem miðja Suðvesturlands og þangað muni menn stefna eins og fyrr á öldum, þar eigi að nýju að huga að aðsetri fyrir Alþingi og einnig Hæstarétt samhliða því sem biskupinn yfir Íslandi flytji í Skálholt. Það þarf því engan að undra, þótt hugurinn leiti aftur í aldir og til sögu lands og þjóðar við kynni að framtíðarsýninni í Landi sem auðlind.

# Nýjar bækur "Land sem auðlind" kallast nýtt rit eftir Trausta Valsson

Nýjar bækur "Land sem auðlind" kallast nýtt rit eftir Trausta Valsson skipulagsfræðing um "Mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi".

Nýjar bækur "Land sem auðlind" kallast nýtt rit eftir Trausta Valsson skipulagsfræðing um "Mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi". Í fréttatilkynningu frá útgefanda segir: "Rit þetta má kallast hugmyndalegur grundvöllur þeirra miklu skipulagsbreytinga og sameiningar, sem nú er að verða á Reykjavíkursvæðinu og brátt einnig á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi, sem koma til með að hafa byltingarkennd áhrif á þjóðlífið á næstunni.

Í "Land sem auðlind" er tekið til meðferðar framtíðarskipulag suðvesturhluta landsins eða allt svæðið frá Borgarfirði og austur í Mýrdal. Rætt er um það frá öllu hliðum, rakin söguleg þróun og málið krufið til mergjar eftir lögmálum formrænna kerfa, fjallað um stjórnsýslukerfi, vegakerfi og samgöngur, hverskyns mat á auðlindum landsins og hvaða takmarkanir eru á landnýtingu.

Efnið er viðamikilið og skiptist bókin í 12 kafla. Þar er fjallað um framtíðarvegakerfi, eflingu ferðamála, hvar verðmætustu sumarbústaðalöndin verða, útivistarsvæði, lögð áhersla á varðveislu bestu landbúnaðarsvæða, fjallað um náttúruminjar, menningarminjar, göngusvæði og frumlandslag og ótal margt fleira. Öllum þessum þáttum fylgja hundruð uppdráttar og skýringarmyndir.

Bókin Land sem auðlind er í stóru broti, 108 bls. mikið myndskreytt. Hún er gefin út af Fjölva, kápugerð vann Korpus, en prentun og band annaðist GBen Prentstofa. Verð 2280 krónur.

Mál og menning hefur sent frá sér bókina Á skólasafni handbók eftir Kristínu Unnsteinsdóttur og Ragnhildi Helgadóttur, skólasafnskennara við Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands.

Í fréttatilkynningu frá útgefanda segir: "Í þessari handbók er starfssviði skólasafnskennara lýst rækilega, hvað varðar kennslu, ráðgjöf, stjórnun og bókasafnsfræðileg störf. Sérstök áhersla er lögð á að miðla hugmyndum um það hvernig bækur og önnur gögn megi best nýtast í skólalærslu. Bókin geymir ennfremur ágrip af sögu og þróun skólasafna á Íslandi og fjallar um lög og reglugerðir sem tengjast söfnunum. Dæmi um námskrá skólasafns er birt í viðauka í bókarlok."

Bókin er 106 bls. unnin í GBen Prentstofu hf., Anna Cynthia Leplar vann kápu og myndskreytingar. Bókin kostar kr. 1899.

Mál og menning hefur sent frá sér ritið Bók af bók Bókmenntasögu og sýnisbók frá 1550-1918, eftir Silju Aðalsteinsdóttur.

Í fréttatilkynningu frá útgefanda segir: "Bókmenntatextarnir í þessari sýnisbók eru tengdir með ágripi af íslenskri bókmenntasögu þar sem getið er helstu höfunda og verka þeirra. Bókin er ætluð framhaldsskólanemum fyrst og fremst, en nýtist þó öllum þeim sem vilja fá glögg yfirlit yfir þróun íslenskra bókmennta frá siðaskiptum til 1918 þegar Ísland varð fullvaxta ríki. Venjulegri skiptingu bókmenntasögunnar í tímabil er haldið og skáldum er ekki skipað niður á óvænta staði - en manneskjan skiptir hér meira máli en stefnur, bæði í vali á textum og umfjöllun um höfunda. List

alþýðuskáldanna og bókmenntir sem ætlaðar eru börnum fá einnig meira rúm en tíðkast í sambærilegum bókum. Höfundur hefur ennfremur kappkostað að geta nýjustu rannsókna á bókmenntum þessara tímabila, bæði til að örva ímyndunarafli og umræður þeirra sem nota bókina og til að staðfesta að eldri bókmenntir eru stöðugt undir smásjá."

Bókin er 360 bls. unnin í Prentsmiðjunni Odda hf. Verð kr. 3499.

Út er komin á vegum Kiljuklúbbs Regnbogabóka sakamálasagan Kínversku klukkumorðin eftir Robert van Gulik.

Í fréttatilkynningu frá útgefanda segir m.a.: "Robert van Gulik hefur getið sér heimsfrægð fyrir sögur sínar um Dee dómara. Þær hafa þegar skipað sér í flokk með sígildum sakamálabókmentum og hafa verið þýddar og gefnar út á öllum helstu þjóðtungum.

Hér segir af því þegar dómaranum skarpskyggna er falin rannsókn á hrottafengnum fólksuverkum. Honum verður fljótlega ljóst að við stórhættulega misindismenn er að eiga og rannsóknin leiðir hann um síðir á háskalegar brautir spillingar og siðleysis, þar sem hætturnar leynast við hvert fótmál".

Álfheiður Kjartansdóttir þýðir bókina. Bókin er 215 bls. að stærð unnin í Prentsmiðju Árna Valdemarssonar. Kínversku klukkumorðin kosta krónur 790.

Landsaðgangur | hvar.is  
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

mbl.is/Árvakur hf. © 2019 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100

# Nýjar bækur "Land sem auðlind" kallast nýtt rit eftir Trausta Valsson

Nýjar bækur "Land sem auðlind" kallast nýtt rit eftir Trausta Valsson skipulagsfræðing um "Mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi".

## Nýjar bækur

"Land sem auðlind" kallast nýtt rit eftir Trausta Valsson skipulagsfræðing um "Mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi". Í fréttatilkynningu frá útgefanda segir: "Rit þetta má kallast hugmyndalegur grundvöllur þeirra miklu skipulagsbreytinga og sameiningar, sem nú er að verða á Reykjavíkursvæðinu og brátt einnig á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi, sem koma til með að hafa byltingarkennd áhrif á þjóðlífið á næstunni.

Í "Land sem auðlind" er tekið til meðferðar framtíðarskipulag suðvesturhluta landsins eða allt svæðið frá Borgarfirði og austur í Mýrdal. Rætt er um það frá öllu hliðum, rakin söguleg þróun og málið krufið til mergjar eftir lögmálum formrænna kerfa, fjallað um stjórnsýslukerfi, vegakerfi og samgöngur, hverskyns mat á auðlindum landsins og hvaða takmarkanir eru á landnýtingu.

Efnið er viðamikið og skiptist bókin í 12 kafla. Þar er fjallað um framtíðarvegakerfi, eflingu ferðamála, hvar verðmætustu sumarbústaðalöndin verða, útivistarsvæði, lögð áhersla á varðveislu bestu landbúnaðarsvæða, fjallað um náttúruminjar, menningarminjar, göngusvæði og frumlandslag og ótal margt fleira. Öllum þessum þáttum fylgja hundruð uppdráttar og skýringarmyndar."

Bókin Land sem auðlind er í stóru broti, 108 bls. mikið myndskreytt. Hún er gefin út af Fjölva, kápugerð vann Korpus, en prentun og band annaðist GBen Prentstofa. Verð 2280 krónur.

## Ráðstefna á Þingvöllum um málefni S-Vesturlands Bættar samgöngur

*Ráðstefna á Þingvöllum um málefni S-Vesturlands Bættar samgöngur myndu efla markaðssamvinnu FJALLAÐ verður um hvernig bættar samgöngur á Suðvesturlandi gætu stuðlað að aukinni markaðssamvinnu og eftt ferðamannaþjónustu á svæðinu á ráðstefnu í Valhöll á Þingvöllum.*

## Ráðstefna á Þingvöllum um málefni S-Vesturlands Bættar samgöngur myndu efla markaðssamvinnu

FJALLAÐ verður um hvernig bættar samgöngur á Suðvesturlandi gætu stuðlað að aukinni markaðssamvinnu og eftt ferðamannaþjónustu á svæðinu á ráðstefnu í Valhöll á Þingvöllum laugardaginn 11. september. Það eru Landshlutasamtökin á Suðvesturlandi sem efna til ráðstefnunar og ber hún heitið "Þingvallafundur 1993, Land sem auðlind". Ráðstefnan hefst kl. 10 árdegis og lýkur kl. 17.

Að Landshlutasamtökum á Suðvesturlandi standa Samband sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi. Á blaðamannafundi sem efnt var til vegna Þingvallafundarins kom fram að það er skoðun þessara fjögurra landshlutasamtaka að verulega vanti á að unnt sé að tala um frambærilegar samgöngur á svæðinu. Héldu landshlutasamtökin samráðsfundi sl. vetur þar sem rætt var um samgöngumál og atvinnumál á Suðvesturlandi.

### Eitt markaðssvæði

Samtökin líta á svæðið sem eitt atvinnu- og markaðssvæði sem skipuleggja þarf í þessu tilliti sem eina heild. Byggðasvæði Borgarfjarðar og Suðurlands eru ekki talin í nægjanlega góðu vegasambandi og samsvarandi samband vantar á milli Suðurlands og Reykjaness. Var bent á

þrjú forgangsverkefni í þessu sambandi: Hvalfjarðargöng, Þjóðveg um Uxahryggi og Suðurstrandarveg, Þjóðveg milli Þorlákshafnar og Grindavíkur.

Slíkar vegtengingar myndu koma á aukinni markaðssamvinnu innan fjórðungsins og opnast myndu nýjar hringleiðir sem yrðu vinsælar af ferðamönnum. Í tengslum við samráðsfundina var Trausti Valsson skipulagssérfræðingur fenginn til að kortleggja helstu ferðaauðlindir og koma fram með hugmyndir að útvistarsvæðum, hringleiðum o. fl.

### **Þingvallafundur 1993**

Ráðstefnunni á Þingvöllum var valið heitið "Landið sem auðlind" og þar með lögð áhersla á að landið búi yfir miklum auðlindum sem bíði þess að að verða aðgengilegar fyrir ferðamenn. Verða tvö erindi á ráðstefnunni um mikilvægi ferðamannaíðnaðar sem framtíðaratvinnugreinar.

Önnur tvö erindi verða flutt um mikilvægi samgöngubóta til að koma þessari þróun frekar á skrið og formaður Náttúruverndarráðs kemur fram með mat á umhverfishlið málsins. Í þriðja lið dagskrárinnar koma heimamenn með stutt erindi um hve mikið samgöngubætur gætu stuðlað að þrónu ýmissa atvinnugreina. Pallborðsumræða verður í lok ráðstefnunnar.

Sætaferðir verða á ráðstefnuna frá BSÍ kl. 8.30 á laugardag til Þingvalla og til Reykjavíkur að lokinni ráðstefnunni.

Morgunblaðið/Kristinn

Ljósmynd: Rætt um ráðstefnu Frá blaðamannafundinum. *F.v. Jónas Egilsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sveinn Andri Sveinsson formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Trausti Valsson skipulagsfræðingur.*

<sup>(1999)</sup>  
**Helgina 20. og 21. mars** gekkst Páll Skúlason háskólarektor fyrir **málþingi um byggðamál**, en þau hafa verið drjúgt umræðuefni á Íslandi um áraraðir. Á málþinginu töluðu sérfræðingar á mörgum sviðum, hagsmunaaðilar og stjórnámálamenn og freistuðu þess að greina vandann, hvað til úrbóta væri og almenna framtíðarsýn í þessum efnum. Hér er að finna flest erindin, en rétt er að geta þess að enn vantar skýringarmyndir með sumum þeirra.

[https://www.mbl.is/serefni/byggdamal/Trausti\\_Valsson.html](https://www.mbl.is/serefni/byggdamal/Trausti_Valsson.html)

**Trausti Valsson, skipulagsfræðingur og dósent við Verkfræðideild HÍ:**

## **Þróun byggðamynsturs**

Í þessu erindi verður fjallað um þróun byggðamynsturs á Íslandi bæði er varðar stærstu breytingar í byggðamynstrinu í sögu Íslands og eins nýlegar þróanir sem gefa ýmsar vísbendingar um á hvern hátt byggðamynstrið muni breytast.

Í fyrirlestrunum verður sagt frá rannsóknum sem undirritaður hefur unnið að á undanförunum árum um þróun byggðar á Íslandi. Niðurstöður þessar og spár, hafa birst í fjórum bókum undirritaðs á undanförunum árum.


### **Byggðamynstur framtíðarinnar mun ráðast af hverjar munu verða tegundir samgangna og tegundir atvinnuvega**

Þegar undirritaður hóf að þróa aðferð sína til að spá um það til hvaða svæða byggðapróunin muni stefna, byrjaði hann að rannsaka hvað hefði ráðið slíkum straumum í búsetubreytingum í sögu landsins. Myndaröð fjögurra Íslandskorta á mynd A, byrjar á að lýsa því að við upphaf byggðar hér á landi var fyrst og fremst ríkjandi strandbyggð, því vegasamgöngur inn til landsins höfðu ekki þróast og íbúarnir voru ekki fleiri en það, að þeir gátu lifað af hlunnindanotkun og veiðiskap við ströndina.



Síðan kom tímabil þar sem menn tóku sér fasta búsetu og varð þá búfjárrækt helsta atvinnugrein landsmanna, en hún krafðist stærri slægju- og beitarlanda en voru við strönd, þannig að þá hefst tímabil miðsóknar, þ.e.a.s; byggðin leitar frá ströndinni inn til landsins.

Segja má, að litlar breytingar verði síðan á byggðamynstri innlanda allt þar til að því kemur að þjóðin eignast þilskip til heilsársútgerðar á 19. öld en á líkum tíma var komið á strandferðum gufuskípa. Með þessu hefst tímabil miðflóttaafls í byggðapróuninni, þ.e.a.s. fólkið sem bjó í sveitunum leitar í hina nýju atvinnu við ströndina. Þetta tímabil og þessi flutningur fólks frá sveit í smáþorp varaði í meira en 100 ár.



Á síðustu áratugum hefur ákveðnari straumur fólks frá smáþorpum legið, annars vegar til stærri bæja, og hins vegar frá landsbyggðinni til suðvesturhornansins.



Nokkrar undantekningar eru til á þessum meginreglu, eins og t.d. vöxtur bæja sem liggja vel við umferð á hringveginum, s.s. Selfoss og Egilsstaðir. Þessum bæjum hefur einnig



orðið til góðs mjög vaxandi þjónustustig og aukinn ferðamannastraumur, sem ekki síst verður til vegna umferðar þar sem leiðir skerast.

### **Aðferðir til að spá um áframhaldandi breytingar á byggðamynstrinu**

Eins og fram hefur komið er það einkum tvennt sem hefur ráðið mestu um hvernig byggðamynstur Íslands hefur þróast. Í fyrsta lagi er það þróun sjávarútvegs sem meginatvinnustarfsemi; þ.e. með tilkomu sjávarútvegs leitar byggðin að ströndinni. Í öðru lagi fóru samgöngur nánast algerlega fram á sjó, sem ýtti undir það að byggðin tengdist sjónum og ströndinni. En með nýjum samgöngukerfum, eins og t.d. vegum sem liggja yfir miðju landsins; hálendið, - og stytta þannig leiðir miðað við að fara með strönd, - mun byggðamynstrið breytast í kjölfar þess. Þetta leiðir til miðsóknarafis í byggðaþróuninni. Hringvegurinn hefur verið mjög áhrifamikill í að draga að sér byggðina og hefur gert fjarlæg nes að útnárum.



Slíkir nýir samgöngumöguleikar geta því að hluta til leitt til þess að straumarnir liggja um önnur svæði en áður, og þar sem umferðarstraumar liggja dafnar byggð. Reyndar er það svo að slíkir nýir möguleikar geta aukið umferð á öllu vegakerfinu ekki síst vegna ferðaþjónustunnar og tækifæri skapast til að fara styttri hringferðir. Þannig gæti ferðamaðurinn, sem vill ekki aka sama veginn, fram og til baka, farið norður Kjöl og svo suður hringveginn í gegnum Vesturland.

Heildarútkoman úr þessu getur orðið mjög almenn og aukin umferð um vegakerfið.


Hluti af því sem er nú að gerast í atvinnulífi Íslendinga eru einmitt auknar sumarferðir landsmanna sjálfra til viðbótar ferðum erlendra gesta. Með hinum nýju möguleikum í vegakerfi, mun lífsmagn færast með þessari atvinnustarfssemi, út til byggðanna og þær byggðir, sem koma til með að liggja vel við þessari umferð, munu vaxa og dafna.

### **Sókn mun verða inn til landsins vegna ferðamennsku og orkunýtingar**

Önnur „ný“ framtíðaratvinnugrein, í viðbót við ferðamennskuna, er orkuvinnslan, - og orkuvinnslusvæðin eru fyrst og fremst á Miðhálandinu, - bæði vatnsaflíð og háhitinn. Þetta mun leiða til þess að umsvifin í kringum margháttaða orkuvinnslu og nýtingu svo og ferðaþjónustu mun auka starfsemi inn til landsins.. Þetta, í sameiningu við aukna atvinnustarfsemi inn til landsins, og þá ekki aðeins í þjónustugreinum heldur líklega einnig í iðnaði, s.s. eins og á Flúðum, mun leiða til þess að í framtíðinni mun fólksstraumurinn ekki verða eingöngu úr sveitunum til strandar, eins og verið hefur, heldur einnig má að hluta til gera ráð fyrir að þetta snúist við, og byggðin stefni inn til landsins, m.a. vegna aukins fjölda sumarhúsabygginga og aukins ferðamannastraums.



Þróun eins og hér er lýst er kölluð miðsóknarafl, og getur gefið okkur vísbendingu um hvar byggð muni dafna inni í landinu. Miðað við þessar miklu samgöngubætur sem fyrirsjáanlegar eru í vegakerfinu, verður byggð í ýmsum jaðarbyggðum þó enn afskekktari en nú er. Byggðin sem áður leitaði út að strönd og jafnvel út á annesin á eftir þorskinum, og einnig vegna þeirra samgangna sem áður fyrr nær aðeins fóru fram á sjó, hefur nú ekki lengur þessar gömlu forsendur.



### Þrátt fyrir miðsóknarafl halda meginbúsetustramar áfram að beinast til SV-lands

Í könnun á íbúafjölda sem undirritaður gerði fyrir árið 1994 sést að yfir 200 þúsund íbúar bjuggu þá á SV-landi, frá Hvítársíðu til Markarfljóts í austri. Þetta voru um 76.5% íbúafjölda landsins 1994.. Eitthvað hefur þetta prósentuhlutfall hækkað síðan. Myndin aý ofan sýnir með misbreiðum línum, magn umferðar á vegum landsins 1996. Af myndinni verður augljóst að umferðarmagnið er mjög í tengslum við íbúafjöldann, þ.e. langmest á SV-landi og síðan áfram á leiðinni norður, til Akureyrar.

Í bók undirritaðs „Land sem auðlind - Um mótun byggðamynsturs á Suðvesturlandi í fortíð, nútíð, framtíð" (Fjølvi, 1993), dró undirritaður fram meginþemuna í byggðamynstrinu, þ.e. þrjár „dreifbýlisborgir" í þrjár áttir út frá höfuðborgarsvæðinu. Þríhyrningsmynstur telur undirritaður að sé líka eðlilegasta byggðamynstur á Íslandi í framtíðinni. Byggðakjarnarnir, SV-land og Mið-Norðurland, eru þegar orðnir staðreynd en vegna vanmáttugra hafna og byggða frá Húsavík í norðri, um Austfirði og algera hafnleysu á Suðurlandi allt að

Vestmannaeyjum, telur undirritaður að við miðju þessa helmings strandlengju Íslands, - þ.e. á Mið-Austfjörðum,- sé það mikil þjóðhagsleg nauðsyn að eflidur verði þriðji stóri byggðaklasinn á Íslandi. Þetta er höfuðnauðsyn vegna þriggja ástæðna; nýtingar fiskanna (loðnu, síldar ...), nýtingar hinna miklu orkuauðlinda Austurlands og loks nýtingarmöguleika í ferðaþjónustu sem eru verulegir, t.d. vegna ferjutengingarinnar til Seyðisfjarðar og hins nýja alþjóðaflugvallar á Egilsstöðum.

